



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við lagningu hornsteins að
stöðvarhúsi Búðarhálsvirkjunar
26. október 2012**

Ráðherrar, alþingismenn
Stjórnendur og starfsfólk Landsvirkjunar
Góðir hátíðargestir

Með lagningu hornsteins að nýrri virkjun, þegar Búðarháls bætist við kennileitin í orkukerfi Íslendinga færi ég Landsvirkjun og öllum aðilum þessarar glæsilegu framkvæmdar þakkir og hamingjuóskir frá íslenskri þjóð, fólkinu sem nýtur orkunnar í daglegri önn, á heimilum og vinnustöðum, okkur öllum sem erum svo lánsöm að búa í hápróuðu tæknisamfélagi og getum í upphafi nýrrar aldar haft heiminn allan að vettvangi athafna og upplýsinga vegna rafmagnsins sem Landsvirkjun og önnur orkufyrirtæki færa okkur á sérhverri stundu.

Fyrir okkur, sem forðum vorum ungmenni vestur á fjörðum, þekktum aðeins rafmagn úr olíuvélum frystihússins og urðum að leika okkur úti í niðamyrkri vetrarkvöldu því spara varð ljósastaurana í þorpinu, er rafvæðing Íslands á undanförunum áratugum, virkjanir byggðar á hreinni orku, eitt helsta ævintýrið í þróun hins unga lýðveldis.

Hornsteinninn að stöðvarhúsi Búðarhálsvirkjunar er enn ein varðan á þessari leið og hátíðin hér í dag tilefni til að þakka öllum þeim sem gerðu á þann hátt Íslendinga að nútímaþjóð, lögðu grunn að hagsæld heimilanna og atvinnusköpun einstaklinga, fjárfestingum í hátækni og framleiðslu, og áhuga áhrifafólks um víða veröld að fylgja nú fordæmi Íslendinga.

Fyrir hálfri öld hvíldu virkjanir á framlagi erlendra verkfræðinga en Landsvirkjun hefur á markvissan hátt byggt upp getu og hæfni okkar sjálfra og nú er svo komið að íslensk verkfræðifyrirtæki og orkuframleiðendur, vísindamenn og tæknifólk, hafa átt þátt í framkvæmdum í flestum álfum, í Evrópu og Ameríku, í Afríku, Kína, Indlandi og fleiri löndum Asíu.

Árlega heimsækir fjöldi áhrifamanna ættjörð okkar til að fræðast um hvernig hagkerfi hreinnar orku verður til. Kunnáttan og tæknin sem virkjanirnar hafa skapað eru í reynd burðarásar í formlegu samstarfi við fjölda annarra ríkja; eru á nýrri öld, ásamt vaxandi mikilvægi Norðurslóða, kjarninn í alþjóðlegri stöðu landsins, helsta ástæða þess að fjölmörg ríki sækjast nú eftir samvinnu við Íslendinga.

Rafvæðingin, sem í upphafi var eingöngu í þágu heimila og atvinnu byggða sem bjuggu við fátækt, hefur orðið forðabúr tækni sem gerir okkur kleift að vera eigin herrar í orkumálum og þróa um leið vaxtargrein í útflutningi á þekkingu.

Framtíðarnýting auðlindanna í iðrum jarðar, fallvatna, vinds og sjávarstrauma mun móta styrk þessarar nýju útflutningsgreinar og ráða miklu um þær gjaldeyrstekjur sem þjóðin fær af þekkingunni, auk arðsins af sölu sjálfrar orkunnar.

Í orðræðunni um verndun náttúrunnar og virkjunarkosti, í leitinni að málamiðlun sem getur orðið efniviður í varanlega þjóðarsátt, þarf sýnin á arðsemi þekkingarinnar, tæknikunnáttu sem gegnir nú miklu hlutverki í samstarfi við aðrar þjóðir nær og fjær, að verða sjálfstæður þáttur í hinu mikilvæga mati á þjóðarhag.

Líkt og ungt listafólk nær hylli í öðrum löndum vegna hins frjóa menningarlífs hér heima, grósku sem veitir skapandi aðhald, þurfa nýjar kynslóðir íslenskra verkfræðinga og tæknifólks að glíma við ögrandi verkefni á heimavelli til að öðlast hæfni í erfiðum þrautum, slípast við leit að nýjum lausnum. Einungis þannig munum við halda forskotinu sem Íslendingar hafa nú á alþjóðlegum markaði.

Verkefni Landsvirkjunar á undanförunum áratugum hafa skilað þjóðinni á þessi vegamót þar sem margir góðir kostir eru í boði.

En gleymum ekki að veröldin er líka á vegamótum því bráðnun íss og jökla ógnar nú þegar lífsskilyrðum, fæðuöflun og búskaparháttum flestra þjóða. Þá er aðeins eitt til bjargar: Brýnar breytingar á orkukerfum og orkubúskap heimsins alls; ella bíða ógnarörlög allra okkar afkomanda.

Í nágrenni við jökla Íslands, hina stærstu í Evrópu, minnir Búðarhálsvirkjun okkur á skylduna í þessum efnum, að sýna öðrum hina farsælu leið, byggða á nýtingu hreinnar orku.

Á þessum tímamótum færi ég Landsvirkjun, stjórnendum, starfsfólki og öllum samstarfsaðilum þakkir Íslendinga og árnaðaróskir.

Ykkar verk eru burðarásar framfaranna, grunnstoðir hagkerfis, samfélags og menningar. Til hamingju með glæsilega framkvæmd.